

Krossavík:

Best af öllu er í heimi
einn að róa úr Krossavík.
Lemjast um á lekri byttu
með liðónýta vélartík.
Út í Brún og svo til baka
bara að væta í færinu.
Henda krók og höndum skaka
halda loks á færinu.

Draga nokkrar djöfuls lúsir,
damla heim þá nóg er veitt.
Selja fisk í frystihúsið
fyrir svo sem ekki neitt.
Þetta gerði Dumpu-Gvendur,
Gamli-Stjáni og Siggí í Hlíð.
Edrú bara, aldrei kenndir;
afla drógu í frosti og hríð.

Nú Krossavíkin klæðist slí
kafnað er allt mótorvæl.
Fúnar þar í fúlli stú
fiskeldið hjá Geira Stæl.
Bölvandi þar brimið æðir
brýtur morkin steypuþil.
Um rústir hrundar rokið næðir,
reimt er þar um óttubil.

Texti Jón Hjartarson.